

## LÖG

### um breytingu á lögum um virðisaukaskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda (skattefirlit, skil á virðisaukaskatti).

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### I. KAFLI

##### **Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.**

1. gr.

Í stað orðanna „tvö ár“ í 1. mgr. 27. gr. A laganna kemur: tvö uppgjörstímabil.

#### II. KAFLI

##### **Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.**

2. gr.

Við 3. mgr. 29. gr. laganna bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Jafnframt er ríkisskattstjóra heimilt að láta lögreglu stöðva atvinnurekstur launagreiðanda sem hefur ekki sinnt skyldum sínum skv. 2. mgr. 15. gr. eða 1. mgr. 19. gr. Ekki skal beita þessu úrræði nema eftir ítrekuð tilmæli um úrbætur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 5. apríl 2013.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

**Ragnheiður Ríkharðsdóttir.**  
(L. S.)

**Markús Sigurbjörnsson.**

*Katrín Júlíusdóttir.*